



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs.

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþróttá- og tómsundaráði um Evrópsku kvikmyndaverðlaunin.

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs 24. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um kostnað hins opinbera við Evrópsku kvikmyndaverðlaunin, sem afhent voru í desember sl., og hvernig hann skiptist á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar. Hvert var kostnaðarmat/kostnaðaráætlun þegar ákveðið var að Reykjavíkurborg myndi sækjast eftir því að halda viðburðinn? Hver er endanlegur kostnaður, sundurliðað eftir starfsþáttum og árum

Svar fyrir fyrirspurn:

Í fyrirspurninni er stuðst við gögn frá Huld Ingimarsdóttur fráfarandi sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs.

Þann 4. desember 2018 var samþykkt tillaga í borgarstjórn um að verðlaunahátíð Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna yrði haldin í Reykjavík í árið 2020. Lagt var til að borgarstjóri fengi heimild til að undirrita samkomulag og viljayfirlýsingu ásamt mennta- og menningarmálaráðherra við European Film Academy um að 33. verðlaunahátíð Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna verði haldin í Reykjavík í Hörpu í desember árið 2020. Tillagan var samþykkt.

Kostnaðargreining á kröfulýsingu European Film Academy (EFA) var unnin í víðri samvinnu við m.a. KPMG, Meet in Reykjavík, Hörpu, Íslandsstofu og RÚV og hljóðaði upp á u.þ.b. 270 millj.kr. með VSK.

Þann 27. febrúar 2019 var undirritað þríliða samkomulag (Coperation Agreement) milli Evrópsku kvikmyndaakademíunnar, Reykjavíkurborgar og ríkis um að evrópsku kvikmyndaverðlaunin 2020 yrðu haldin í Reykjavík í desember 2020.

Í maí 2019 var undirritaður samstarfsamningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar um fyrirkomulag samstarfsins um Evrópsku kvikmyndaverðlaunin 2020. Samkvæmt ákvæðum EFA samkomulagsins bera borgin og ríkið sameiginlega fjárhagslega og faglega ábyrgð á verkefninu. Framlög ríkisins skuli greidd til borgarinnar, samkvæmt áætlun um greiðsludreifingu og nánari fyrirmælum borgarinnar. Borgin mun annast bókhald og fjárreiður verkefnisins, þ.m.t. greiðslu reikninga bókhaldsskráningu til samræmis við áætlun um greiðsludreifingu.

Stjórn verkefnisins verður skipuð þremur aðilum tilnefndum af mennta – og menningarmálaráðuneytinu fyrir hönd ríkisins og þremur aðilum tilnefndum af menningar- og



Reykjavíkurborg

ferðamálasviði fyrir hönd borgarinnar. Stjórn ber fjárhagslega ábyrgð á því, gagnvart ríki og borg, að verkefnið haldist innan fjárhagsáætlunar þess.

Er líða tók á árið 2020 var ljóst að heimsfaraldurinn COVID-19 hafði veruleg áhrif á undirbúning hátíðarinnar og eftir ítarlega yfirlegu var það mat stjórnar EFA verkefnisins að ekki væri forsvaranlegt; hvorki faglega né fjárhagslega, að halda Evrópsku kvikmyndaverðlaunin hér á landi. Í september 2020 var síðan gengið frá samkomulagi milli ríkis, borgar og EFA í góðu samkomulagi við samstarfsaðila s.s. Hörpu, RÚV, Íslandsstofu og Ícelandair um að nauðsynlegt væri að fresta hátíðinni og var komist að samkomulagi um að halda hátíðina í desember 2022.

Í framhaldi af þessu samkomulagi þá voru eftirstöðvar af fjárhagsáætlun (ramma) sett á bið og síðan endurvakin í upphafi ársins 2022. Þar sem hátíðin fór fram um miðjan desember 2022 var eðlilega ekki mögulegt að ljúka uppgjöri á því ári, þar sem margir reikningar bárust ekki fyrr en á fyrstu mánuðum þessa árs. Mismunur var því fluttur yfir á árið 2023. Áætlun (rammi) verkefnisins hélst óbreyttur allan tímann þ.e. frá árinu 2019 til ársins 2023. Heildaráætlun var kr. 272.083.268 og heildarkostnaður á ofangreindu tímabili var kr. 259.771.289 og því kr. 12.311.979 undir kostnaðaráætlun (ramma).



EFA 2022 áætlun		Áætlun kr	Raunkostnaður 2019 til 2020	Raunkostnaður 2021 til 2023	Heildar kostnaður	Mism raun vs áætlun
		með VSK				
Starfsmanna- og yfirstjórnarkostnaður						
Ymis kostnaður - fundagjöld, veitingar og aðstöðuleiga o. fl.		1.100.000	2.445.286	1.687.045		
Ferðakostnaður starfsmanna EFA		150.000		90.960		
Skrifstofurými fyrir EFA		2.000.000				
Áætlaður launakostnaður		9.000.000	17.233.102	5.643.294		
Verktakalaun sérfræðinga		10.000.000	1.578.302			
Starfsmanna- og yfirstjórnarkostnaður Heildarupphæð		22.250.000	21.256.690	7.421.299	28.677.989	6.427.989
Ymis móttökukostnaður v. heimsóknar Belínar fólks						
Ymis fundakostnaður - veitingar ofl.		500.000		2.230.374		
Akstur / leigubílar		150.000		95.036		
Annað		200.000		128.880		
Ymis móttökukostnaður Heildarupphæð		850.000	0	2.454.290	2.454.290	1.604.290
RÚV samningur						
Áætlaður kostnaður v RÚV		22.320.000				
15% óvissa		3.348.000				
RÚV Heildarupphæð		25.668.000	607.600	24.688.238	25.295.838	-372.162
HARPA samningur						
Harpa Production Coordinator		8.658.176		7.650.676		
Vinnuliður tækjasérfræðinga		28.732.498		14.677.673		
Ymis tækjabúnaður		7.364.464				
Tækjaleiga		22.586.082		49.522.110		
Samtals		67.341.219	0	71.850.459	71.850.459	4.509.240
Salarleiga		18.440.825		18.440.825		
Harpa samtals skv. samningi		85.782.044				
8% óvissa		6.862.564		5.956.026		
HARPA Heildarupphæð		92.644.608	4.875.000	96.247.310	101.122.310	8.477.702
Icelandair hotels						
Hótel gisting		10.026.750				
5% óvissa		501.338				
Icelandair Hótel Heildarupphæð		10.528.088	0	13.235.250	13.235.250	2.707.163
Harpa Awards ceremony						
Áætlaður kostnaður vegna catering Harpa		24.519.900	0	24.934.190		
Tónlist og stjórnun á athöfn		6.000.000	0	16.004.285		
Listafólk fyrir athöfn og eftirpártý		4.000.000	0	1.539.075		
5% óvissa		1.369.580	0	42.477.550		
Catering Heildarupphæð		35.889.480	0	42.477.550	42.477.550	6.588.070
Mayors night - Hafnarhús						
Áætlaður kostnaður Mayors night - Nominees Reception CATERING		8.880.000	0	5.011.038		
Music, DJ, Entertainment,		5.000.000	0	10.228.206		
Preparation, set up		5.000.000	0	1.991.931		
Rental		1.500.000	0	482.345		
5% óvissa		1.019.000	0	17.713.520		
Mayors night Heildarupphæð		21.399.000	0	17.713.520	17.713.520	-3.685.480
Markaðs- og kynningarkostnaður						
Markaðs-, kynningar- og auglýsingagerð		25.000.000	0	3.981.810		
Sérfræðibjónusta		5.000.000	0	16.899.314		
Icelandair styrkur skv. samningi		-10.000.000	0	-10.000.000		
Landsvirkjun - styrkur			0	-10.000.000		
Markaðs- og kynningarkostnaður Heildarupphæð		20.000.000	0	881.124	881.124	-19.118.876
General Assembly - Tjarnarsalur						
Leiga á Tjarnarsal og bjónusta		1.612.000	0	0		
General Assembly Heildarupphæð		1.612.000	0	0	0	-1.612.000
Leiga á íbúðum fyrir EFA Berlín						
Íbúðir fyrir EFA starfsmenn		5.200.000				
Óvissa 5%		360.000				
Íbúðir og skrifstofurými Heildarupphæð		5.560.000	0	3.380.062	3.380.062	-2.179.938
Transportation						
Áætlaður kostnaður		20.407.000				
10% óvissa		2.040.700				
Transportation Heildarupphæð		22.447.700	0	15.026.946	15.026.946	-7.420.754
Icelandair						
Áætlaður kostnaður flugmiða skv. samningi- skattar og VSK (25.500*135)		3.442.500				
15% óvissa		516.375				
Icelandair Heildarupphæð		3.958.875	660.682	2.901.450	3.562.132	-396.743
Öryggisgæsla						
Öryggisgæsla		2.500.000	0	0		
Öryggisgæsla Heildarupphæð		2.500.000	0	0	0	-2.500.000
Ymislegt ófyrirséð						
Ymislegt ófyrirséð		6.775.518	5.521.985	422.293		
Ymislegt ófyrirséð Heildarupphæð		6.775.518	5.521.985	422.293	5.944.278	-831.240
Heildarupphæð EFA verkefnis						
Skipting kostnaðar;		272.083.268	32.921.957	226.849.332	259.771.289	-12.311.979
Greiðslubátttaka ríkissjóðs (Menningar- og viðsk. ráðuneyti)		136.041.634	16.460.978	113.424.666	129.885.644	-6.155.990
Kostnaður Reykjavíkurborgar		136.041.634	16.460.979	113.424.666	129.885.645	-6.155.989
		272.083.268	32.921.957	226.849.332	259.771.289	-12.311.979